



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

ENDURNÝTING HEYRÚLLUPLASTS

**SKILMÁLAR FYRIR BÆNDUR, ÞJÓNUSTUAÐILA
OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA**



ÚRVS – 01 - 01



NÓVEMBER 2004

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENNT	1
1.1	FORSAGA	1
1.2	SKILGREININGAR HUGTAKA	1
1.3	RÁÐSTÖFUN HEYRÚLLUPLASTS	2
1.4	YFIRLIT YFIR VERKEFNIÐ	2
1.5	SÓTTVARNIR.....	3
1.6	FLÆÐIRIT	4
2.	SKILMÁLAR FYRIR BÆNDUR SEM SKILA BEINT TIL RÁÐSTÖFUNARAÐILA	8
2.1.1	Umsókn	8
2.1.2	Sameiginleg skil	8
2.1.3	Tungumál	8
2.1.4	Ráðstöfun heyrúlluplasts	8
2.1.5	Endurgjald til bænda sem skila heyrúlluplasti til ráðstöfunaraðila	8
2.1.6	Greiðslur og reikningsskil.....	9
2.1.7	Vanefndir og uppsögn.....	9
2.1.8	Ábyrgð og tryggingar.....	9
2.1.9	Umhverfismál	9
2.1.10	Umsjón og eftirlit.....	9
2.1.11	Lög og reglugerðir	9
2.1.12	Ágreiningsmál	9
3.	SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA	10
3.1.1	Umsókn þjónustuaðila.....	10
3.1.2	Svæðaskipting	10
3.1.3	Tungumál	10
3.1.4	Ráðstöfun heyrúlluplasts	10
3.1.5	Endurgjald til þjónustuaðila.....	11
3.1.6	Greiðslur og reikningsskil.....	11
3.1.7	Vanefndir og uppsögn.....	11
3.1.8	Ábyrgð og tryggingar.....	12
3.1.9	Umhverfismál	12
3.1.10	Umsjón og eftirlit.....	12
3.1.11	Lög og reglugerðir	12
3.1.12	Ágreiningsmál.....	12
4.	VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA	13
4.1	UM VERKIÐ	13
4.1.1	Heyrúlluplast og skil þess	13
4.1.2	Greiðslur til sveitarfélaga	13
4.1.3	Starfssvæði	13
4.1.4	Samningar við ráðstöfunaraðila	13
4.1.5	Flæðirit	13
4.1.6	Vigtun heyrúlluplasts.....	13
4.1.7	Búnaður og aðstaða.....	14
4.1.8	Gagnaskráning.....	14
4.1.9	Söfnunarstöðvar sveitarfélaga	14
4.1.10	Þjónustustig	14
4.1.11	Framvinda verks	15
4.2	RÁÐSTÖFUNARLEIÐIR	15
4.2.1	Endurvinnsla - flokkur I	15
4.2.2	Orkunýting – flokkur I.....	15
4.2.3	Útflutningur - flokkur I.....	16
4.2.4	Urðun – flokkur II.....	16
4.2.5	Nýir ráðstöfunaraðilar – ráðstöfunarflokkar	16
5.	SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA	17

5.1.1	Umsókn ráðstöfunaraðila	17
5.1.2	Ráðstöfun - starfsleyfi	17
5.1.3	Tungumál	17
5.1.4	Greiðslur.....	17
5.1.5	Vanefndir og uppsögn.....	17
5.1.6	Umsjón og eftirlit	17
6.	VIÐAUKAR	18
6.1	ÚR LÖGUM UM ÚRVINNSLUGJALD	18
6.2	FORSENDUR – MAGN INNFLUTTS HEYRÚLLUPLASTS.....	19
6.3	SÖFNUNARSTÖÐVAR OG URÐUNARSTAÐIR.....	20
6.4	LÖGGILTAR BÍLAVOGIR Á ÍSLANDI	22
6.5	SKRÁÐIR RÁÐSTÖFUNARAÐILAR HEYRÚLLUPLASTS HJÁ ÚRVINNSLUSJÓÐI.....	24
7.	EYÐUBLÖÐ.....	25
7.1	UMSÓKN ÞJÓNUSTAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	25
7.2	UMSÓKN BÓNDA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS	27
7.3	UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	29
7.4	EYÐUBLAÐ: MAGN HEYRÚLLUPLASTS FRÁ SÖFNUNARSTÖÐVUM OG FYRIRTÆKJUM	30

1. ALMENNT

1.1 Forsaga

Til Íslands eru flutt árlega 1.600-1.800 tonn af heyrúlluplasti. Hingað til hefur því ekki verið fargað skipulega. Megninu hefur verið hent á sorphauga, verið brennt eða urðað heima á bæjum. Urðun plasts eða brennsla heima á bæjum er nú með öllu óheimil samkvæmt mengunarvarnareglugerð. Í nýlegri tilskipun Evrópusambandsins eru sett fram markmið um endurnýtingu og endurvinnslu umbúða. Til að standa undir kostnaði við skipulega söfnun og förgun heyrúlluplasts var lagt á sérstakt úrvinnslugjald með lögum nr. 162/2002, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 227/2003 fjallar nánar um framkvæmd laganna. Úrvinnslusjóður annast framkvæmd laganna. Lögin má nálgast á vef Alþingis: www.althingi.is eða á vef Úrvinnslusjóðs: www.urvinnslusjodur.is/.

1.2 Skilgreiningar hugtaka

- „**Heyrúlluplast**” er allt það plast sem fellur undir lög nr. 162 frá 20. desember 2002, Viðauka I, þ.e. allt plast sem flutt er til landsins á tollskrárnúmerinu 3920-1003. Gert er ráð fyrir að allt þetta plast sé af gerðinni „polyethylen” (PE). Komi í framtíðinni aðrar plasttegundir á markað sem gegna sama hlutverki en mega ekki blandast PE í endurvinnslu verða skilmálar þessir endurskoðaðir.
- „**Bóndi**” er hér notað um aðila þar sem heyrúlluplast fellur til (úrgangshafa). Heyrúlluplast fellur einnig til t.d. hjá hestaeigendum en til einföldunar á texta kallast þeir hér einnig bændur.
- „**Þjónustuaðili**” er hver sá sem þjónar Úrvinnslusjóði við endurnýtingu og/eða förgun heyrúlluplasts á ákveðnu landssvæði. Hann semur um fyrirkomulag við söfnunarstöðvar sveitarfélaga, sér um flutning heyrúlluplasts frá þeim, flokkar, (for)vinnur og ráðstafar síðan unnu heyrúlluplasti í viðurkennda farvegi. Þjónustuaðila er heimilt að sækja heyrúlluplast beint til einstakra bænda.
- „**Ráðstöfunaraðili**” er sá sem tekur við heyrúlluplasti til endanlegrar endurnýtingar eða förgunar. Hann getur t.d. verið sorpbrennslustöð, plastvinnslufyrirtæki, erlendur kaupandi, urðunarstaður o.s.frv. Ráðstöfunaraðilar verða að vera skráðir hjá Úrvinnslusjóði sem viðurkenndir ráðstöfunaraðilar heyrúlluplasts. Lista yfir núverandi aðila er að finna í kafla 6.5 og uppfærðan lista er að finna á vef Úrvinnslusjóðs. Ráðstöfunaraðili getur ekki samtímis verið þjónustuaðili.
- „**Starfsstöð**” þjónustuaðila er varanlegt vinnusvæði þar sem hann hefur vélbúnað sinn og stundar forvinnslu eða vinnslu heyrúlluplasts. Þjónustuaðila er heimilt að taka við heyrúlluplasti í starfsstöð sinni frá aðilum sem sjálfir kjósa að losa sig við heyrúlluplast.
- Önnur helstu hugtök eru skilgreind í 2. grein laga 162/2002, sjá kafla 6.1.

1.3 Ráðstöfun heyrúlluplasts

Í fyrstu grein laga um úrvinnslugjald segir:

„Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna”.

Í þriðju grein laga um úrvinnslugjald segir m.a:

„ Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á.”

Í anda laganna er markmið með skilmálum þessum að hvetja til sem mestrar endurnýtingar og tryggja að urðun plasts verði í lágmarki. Leyfilegt er að urða það plast sem annað hvort er óhæft til vinnslu eða vegna fjarlægðar eða samgönguferfiðleika er óhagkvæmt að endurnýta. Í samræmi við þetta markmið verður greiðsla í lágmarki fyrir það plast sem er urðað.

1.4 Yfirlit yfir verkefnið

Skilmálar þessir eiga bæði við verkefni sem þjónustuaðilar taka að sér fyrir Úrvinnslusjóð og við bændur sem velja að skila beint til ráðstöfunaraðila. Í kafla 5 eru skilmálar fyrir ráðstöfunaraðila.

Verkefni þjónustuaðila felst í að sækja heyrúlluplast til skilgreindra söfnunarstöðva og þeirra bænda sem semja beint við þjónustuaðilann, meðhöndlun heyrúlluplastsins (ef þarf) fyrir endurnýtingu eða urðun.

Sveitarfélög semja hugsanlega við einstaka verktaka um að sækja heyrúlluplast heim á sveitabæi. Slíkur verktaki getur verið þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs og fengið greiðslu frá sjóðnum eftir skil til viðurkenndra ráðstöfunaraðila, að uppfylltum skilyrðum þar um. Greiðslur sveitarfélagsins til verktakans/þjónustuaðilans eru Úrvinnslusjóði óviðkomandi en munu þá væntanlega taka mið af greiðslu Úrvinnslusjóðs.

Flæðirit í kafla 1.6 sýna mismunandi leiðir sem heyrúlluplast getur ratað frá bónda til ráðstöfunaraðila. Þar sjást 3 meginþættir kerfisins, þ.e. söfnunarstöð, þjónustuaðili og ráðstöfunaraðili. Á einu og sama svæði er mögulegt að plastið rati samtímis um mismunandi vegi til ráðstöfunaraðila.

Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað hverju svæði – ekki eru neinar hömlur á fjölda þjónustuaðila. Á sama tíma getur bóndi (einn eða fleiri) skilað beint til ráðstöfunaraðila. Plast frá þeim bónda/bændum fer þá hvorki til söfnunarstöðvar sveitarfélags, né um hendur þjónustuaðila.

Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga/sveitarfélaga og þjónustuaðila/verktaka eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

Með samningi við Úrvinnslusjóð um þjónustu við ákveðið svæði skuldbindur þjónustuaðili sig til að sinna öllum beiðnum frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga á viðkomandi svæði og gildir þá einu hvort fleiri aðilar hafi samning um svæðið. Engar kvaðir eru á þjónustuaðila af hálfu Úrvinnslusjóðs varðandi beina þjónustu við bændur.

Úrvinnslusjóður hefur sett verklagsreglur og skilmála fyrir þá sem óska eftir að þjóna sjóðnum við endurnýtingu/förgun heyrúlluplasts. Einnig hefur sjóðurinn ákveðið endurgjald fyrir þá þjónustu, [kr/kg]. Það verður mishátt eftir því hvernig heyrúlluplastið er nýtt/eytt/fargað. Tilgangurinn með misháu endurgjaldi er að hvetja til þess að notað heyrúlluplast rati í þá farvegi sem taldir eru betri en aðrir með tilliti til umhverfisþátta,

greitt er meira fyrir plast sem fer í endurvinnslu heldur en það sem fer í urðun. Gildandi gjaldskrá [einingaverð] er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

Þjónustuaðili semur við söfnunarstöð, sér um flutning og vinnslu og ráðstafar síðan (for)unnu heyrúlluplasti í viðurkennda farvegi. Þjónustuaðili er viðsemjandi Úrvinnslusjóðs fyrir ákveðið landssvæði. Þjónustuaðilinn gerir samninga við söfnunarstöðvar sveitarfélaganna á viðkomandi svæði, við ráðstöfunaraðila sem hann velur sjálfur og hugsanlega við einstaka bændur. Hann sér um greiðslur til ráðstöfunaraðilanna. Þjónustuaðilinn sér um að flytja heyrúlluplast frá söfnunarstöðvum, forvinna/vinna - ef þarf, og flytja til ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðilinn sér um vigtun og gagnaskráningu og fær greitt frá Úrvinnslusjóði samkvæmt vigtarnótum og staðfestingu ráðstöfunaraðila.

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir magn heyrúlluplasts sem hann sækir, tekur á móti og ráðstafar.

Sá bóndi (einn eða fleiri saman), sem skilar beint til ráðstöfunaraðila, semur við ráðstöfunaraðila um móttöku og greiðslur fyrir móttöku. Frágangur plastsins og flutningur á því til ráðstöfunaraðila er í höndum bóndans, sem einnig sér um greiðslu til ráðstöfunaraðilans. Gegn móttökukvittun (vigtarnótu og staðfestingu ráðstöfunaraðila) fær bóndinn greitt hjá Úrvinnslusjóði. Á móttökukvittun skal skráð frá hvaða bæ(jum) plastið kemur.

Í kafla 2 eru skilmálar fyrir bændur sem hyggjast sjálfir skila heyrúlluplasti til ráðstöfunaraðila. Í kafla 3 eru skilmálar fyrir þjónustuaðila og í kafla 4 er verklýsing fyrir þjónustuaðila. Kafli 5 inniheldur skilmála fyrir ráðstöfunaraðila. Aldrei verða beinar greiðslur til ráðstöfunaraðila frá Úrvinnslusjóði. Ekki er sérstök verklýsing fyrir bændur sem skila beint til ráðstöfunaraðila, heldur er gert ráð fyrir að ráðstöfunaraðilinn setji skilyrði um móttöku, frágang og gæði heyrúlluplasts. Ekki er sérstök verklýsing fyrir ráðstöfunaraðila enda gert ráð fyrir að hver og einn hafi sitt verklag og tilheyrandi starfsleyfi.

1.5 Sóttvarnir


Sóttvarnayfirvöld hafa ekki enn sett reglur um flutning plasts milli landssvæða, en málið er í athugun.

Hér að neðan eru fyrstu tillögur um reglur til að fyrirbyggja eða draga úr smithættu, þegar verið er að flytja efni sem er hugsanlega smitmengað eins og rúlluplast af heyi, sem ætlað er til endurnýtingar.


1. Plasti frá mismunandi stöðum sé ekki safnað heim á bæi eða staði þar sem búfé hefur aðgang að.
2. Flutningstæki séu þrífín reglulega á viðurkenndum stöðum til slíks til að minnka hættu á smitburði. Ekkert hrynji af tækjunum eða sé skilið eftir þar sem flutningstækin koma.
3. Hlífðarföt starfsmanna séu þrífín reglulega með viðeigandi sótthreinsandi efnum. Þau séu ekki notuð ósótthreinsuð við aðra vinnu.
4. Þeir sem safna saman plasti frá mismunandi stöðum fari ekki inn í gripahús til að taka plastið heldur hafi bændur áður komið því fyrir utan dyra.
5. Ekki má safna plasti af heyi frá bæjum þar sem riðuveiki hefur verið staðfest.

1.6 Flæðirit


FLÆÐIRIT 1




FLÆÐIRIT 2



FLÆÐIRIT 3



FLÆÐIRIT 4



2. SKILMÁLAR FYRIR BÆNDUR SEM SKILA BEINT TIL RÁÐSTÖFUNARAÐILA

2.1.1 Umsókn

Þeir bændur sem hyggjast skila plasti beint til ráðstöfunaraðila skulu sækja um til sjóðsins að verða þátttakendur í verkefninu. Allar umbeðnar upplýsingar skulu fylgja umsókn. Umsóknareyðublað og samningsform er í kafla 7.2. Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsækjendur skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.

2.1.2 Sameiginleg skil

Ekkert mælir á móti því að tveir eða fleiri bændur taki sig saman undir nafni eins þeirra. Aðeins umsækjandi verður samningsaðili við Úrvinnslusjóð og hann einn fær greiðslur úr sjóðnum. Viðkomandi bændur gera síðan upp sín á milli án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

Í umsókn viðkomandi á að koma fram frá hvaða bændum/býlum verður skilað, ásamt áætluðum tölum um magn fyrir hópinn í heild.

2.1.3 Tungumál

Allar upplýsingar um bónda/samtök bænda og samskipti við hann/þau skulu vera á íslensku. Upplýsingar um tækjabúnað mega vera á ensku, dönsku, norsku eða sænsku.

2.1.4 Ráðstöfun heyrúlluplasts

Bóna er einungis heimilt að ráðstafa heyrúlluplasti til viðurkenndra ráðstöfunaraðila, samanber grein 1.2. Hyggist þjónustuaðili skipta við ráðstöfunaraðila sem ekki er á skrá Úrvinnslusjóðs skal sá ráðstöfunaraðili sækja um skráningu hjá sjóðnum. Skilmála fyrir ráðstöfunaraðila er að finna í kafla 5. Urðun plasts er einungis heimil í undntekningartilfellum t.d. vegna þess að plast er annað hvort er óhæft til vinnslu eða vegna fjarlægðar eða samgönguerfiðleika er óhagkvæmt að endurnýta það. Urðun skal fara fram á viðurkenndum urðunarstöðum. Urðunarstaðir skulu vera viðurkenndir ráðstöfunaraðilar hjá Úrvinnslusjóði.

2.1.5 Endurgjald til bænda sem skila heyrúlluplasti til ráðstöfunaraðila

Greiðslur til bónda verða samkvæmt töflunni að neðan. Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

Flokkur	Ráðstöfun	Endurgjald [kr/kg] án vsk
I	Endurnýting innanlands eða erlendis Brennsla með orkunýtingu	35
II	Urðun	8

2.1.6 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður fyrir verkið eftir framlögðum reikningum [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Reikningi skal fylgja staðfesting á magni frá viðkomandi ráðstöfunaraðila.

2.1.7 Vanefndir og uppsögn

Bóndi sem gert hefur samning við Úrvinnslusjóð skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Verði Úrvinnslusjóður fyrir tjóni af völdum vanefnda bóndans er hann að fullu ábyrgur gagnvart sjóðnum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga. Komi til uppsagnar er ráðstöfun uppsafnaðs heyrúlluplasts hjá bónda á hans ábyrgð.

Dæmi um hugsanlegar vanefndir:

- Heyrúlluplasti er ráðstafað til annarra en viðurkenndra og skráðra ráðstöfunaraðila
- Reglur um sóttvarnir ekki virtar

2.1.8 Ábyrgð og tryggingar

Bóndi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum verktaka sinna, ef einhverjir eru. Bóndi ber auk þess ábyrgð á tjóni er Úrvinnslusjóður eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd verks bóndans.

Bóndi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal bóndi hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi bónda og vinnu starfsmanna hans sem tengjast kann meðhöndlun plasts. Bóndi skal afhenda Úrvinnslusjóði afrit af tryggingarskírteinum ásamt staðfestingu viðkomandi tryggingafélags á gildi þeirra, verði þess óskað. Heyrúlluplast sem er á athafnasvæði bónda eða í umsjá hans er á ábyrgð bóndans.

2.1.9 Umhverfismál

Bóndi skal í hvívetna fara að kröfum og reglum viðkomandi sveitarstjórnar. Ganga skal þannig frá plasti að það fjúki ekki af geymslusvæðum.

2.1.10 Umsjón og eftirlit

Fulltrúar Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum bónda og ráðstöfunaraðila. Skal bóndinn tryggja það gagnvart ráðstöfunaraðilum sem hann hefur samið við. Úrvinnslusjóður mun hugsanlega athuga uppgjör, vigtun og annan frágang bóndans á heyrúlluplasti á samningstímanum.

2.1.11 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar lúta í einu og öllu íslenskum lögum og reglugerðum.

2.1.12 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni þessu skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

3. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

3.1.1 Umsókn þjónustuaðila

Þeir aðilar sem hyggjast vinna fyrir Úrvinnslusjóð sækja um til sjóðsins að verða þátttakendur í verkefninu. Allar umbeðnar upplýsingar skulu fylgja umsókn. Umsóknareyðublað og samningsform er í kafla 7.1. Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsækjendur skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.

3.1.2 Svæðaskipting

Landinu hefur verið skipt upp í 4 þjónustusvæði. Þjónustuaðili getur valið hvaða svæði eða svæðum hann óskar að þjóna.

Í kafla 6.3 er listi yfir þær söfnunarstöðvar sem tilheyra hverju svæði ásamt númerum svæðanna. Í umsókn til Úrvinnslusjóðs skal koma fram hvaða svæði/svæðum hann hyggst þjóna. Á hverju svæði geta verið ein eða fleiri söfnunarstöðvar. Með samningi um þjónustu við svæði skuldbindur þjónustuaðili sig til að sinna öllum beiðnum frá söfnunarstöðvum og gildir þá einu hvort fleiri hafi samning um svæðið eða ekki. Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað hverju svæði – engar hömlur eru á fjölda þjónustuaðila. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

3.1.3 Tungumál

Allar upplýsingar um þjónustuaðila og samskipti við hann skulu vera á íslensku. Upplýsingar um tækjabúnað mega vera á ensku, dönsku, norsku eða sænsku.

3.1.4 Ráðstöfun heyrúlluplasts

Þjónustuaðila er einungis heimilt að ráðstafa heyrúlluplasti til viðurkenndra ráðstöfunaraðila (sjá grein 1.2). Hyggist þjónustuaðili skipta við ráðstöfunaraðila sem ekki er á skrá Úrvinnslusjóðs skal sá ráðstöfunaraðili sækja um skráningu hjá sjóðnum. Skilmála fyrir ráðstöfunaraðila er að finna í kafla 5.

3.1.5 Endurgjald til þjónustuaðila

Greiðslur til þjónustuaðila verða samkvæmt töflunni að neðan. Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

Flokkur	Ráðstöfun	Endurgjald [kr/kg] án vsk
I	Endurnýting innanlands eða erlendis Brennsla með orkunýtingu	35
II	Urðun	8

3.1.6 Greiðslur og reikningskil

Greitt verður fyrir verkið eftir framlögðum reikningum [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Reikningi skal fylgja staðfesting á magni frá viðkomandi ráðstöfunaraðila. Einnig skal fylgja á rafrænu formi yfirlit yfir hvaðan (t.d. sveitarfélag) heyrúlluplast kom og hvernig því var ráðstafað, ásamt upplýsingum um birgðir hjá þjónustuaðilanum.

3.1.7 Vanefndir og uppsögn

Þjónustuaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Komi til vanefnda er Úrvinnslusjóði heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði Úrvinnslusjóður fyrir tjóni af völdum vanefnda þjónustuaðila er hann að fullu ábyrgur gagnvart sjóðnum samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti þjónustuaðili nauðasamninga, greiðslustöðvunar, er úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám er gert hjá honum, getur Úrvinnslusjóður án frekari fyrirvara sagt upp samningi við hann. Komi til uppsagnar er ráðstöfun uppsafnaðs heyrúlluplasts hjá þjónustuaðila á hans ábyrgð.

Verði um ítrekaðar vanefndir af hálfu þjónustuaðila að ræða er Úrvinnslusjóði heimilt að segja upp samningi, með 3ja mánaða fyrirvara. Dæmi um hugsanlegar vanefndir:

- Skilagreinum með reikningum er ábótavant.
- Heyrúlluplasti er ráðstafað til annarra en viðurkenndra og skráðra ráðstöfunaraðila.
- Ósk um tæmingu hjá söfnunarstöð ekki sinnt.
- Heyrúlluplast sótt á önnur svæði en samningur kveður á um.
- Reglur um sóttvarnir ekki virtar.

3.1.8 Ábyrgð og tryggingar

Þjónustuaðili ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum verktaka sinna, ef einhverjir eru. Þjónustuaðili ber auk þess ábyrgð á tjóni er Úrvinnslusjóður eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd verka hans.

Þjónustuaðili skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.

Ennfremur skal þjónustuaðili að lágmarki kaupa ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi þjónustuaðila og vinnu starfsmanna hans.

Þjónustuaðili skal hafa í gildi allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Þjónustuaðili skal afhenda Úrvinnslusjóði afrit af öllum tryggingarskírteinum ásamt staðfestingu viðkomandi tryggingafélags á gildi þeirra, verði þess óskað. Heyrúlluplast sem er á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans er á ábyrgð þjónustuaðila.

3.1.9 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir að þjónustuaðili hafi mótað sér umhverfisstefnu og skulu upplýsingar um hana fylgja umsókn. Þjónustuaðili skal í hvívetna gera sér far um að ná sem bestum árangri við framkvæmd verkefnisins, ásamt því að ganga vel um öll athafnasvæði.

3.1.10 Umsjón og eftirlit

Fulltrúar Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila. Skal þjónustuaðili tryggja það gagnvart ráðstöfunaraðilum. Úrvinnslusjóður mun á samningstíma athuga uppgjör, vigtun og annan frágang þjónustuaðila.

3.1.11 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar lúta í einu og öllu íslenskum lögum og reglugerðum.

3.1.12 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni þessu skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

4. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

4.1 Um verkið

4.1.1 Heyrúlluplast og skil þess

Þjónustuaðili getur sett skilyrði um magn aukaefna sem fylgja má plastinu (hey, vatn og svo framvegis) að teknu tilliti til rökstuddra óska ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðili metur gæði plasts, með tilliti til endurvinnslu, þegar hann sækir plastið á söfnunarstöð eða til bónda.

Plast sem óhæft er til endurvinnslu og plast sem ekki getur talist hagkvæmt að flytja til endurvinnslu, vegna fjarlægðar eða samgönguferfiðleika, er heimilt að urða á viðurkenndum urðunarstöðum.

4.1.2 Greiðslur til sveitarfélaga

Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum og sorpsamlögum fyrir móttöku, meðhöndlun og geymslu heyrúlluplasts í söfnunarstöðvunum – sjá 4.1.6.

4.1.3 Starfssvæði

Í kafla 6.3 eru upplýsingar um starfssvæðin I - IV. Þjónustuaðila er ætlað að sækja heyrúlluplast til allra söfnunarstöðva á því svæði sem hann hefur valið að þjóna.

4.1.4 Samningar við ráðstöfunaraðila

Þjónustuaðilar semja sjálfir við urðunarstaði, brennslustöðvar eða aðra ráðstöfunaraðila, án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

4.1.5 Flæðirit

Í kafla 1.6 eru FLÆÐIRIT, sem sýna mismunandi útfærslur eftir því hvort þjónustuaðili eða bóndi sér um að koma plasti til ráðstöfunaraðila. Þar er sýnt hvernig þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs sjá um að flytja heyrúlluplast, forvinna það ef með þarf, og skila því síðan til ráðstöfunaraðila til endurnýtingar eða förgunar. Öll hleðsla flutningatækja og losun þeirra er þar með talin.

Einnig er flæðirit sem sýnir aðkomu verktaka sveitarfélags, sem ráðinn er til að sækja heyrúlluplast heim á bæi. Verktakinn gerist þá þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs.

Á grundvelli vigtunar plasts sem fer til ráðstöfunaraðila fær þjónustuaðilinn eða bóndinn, eftir því sem við á, greitt samkvæmt gildandi gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Þjónustugjaldið er mismunandi eftir ráðstöfun og skiptist í nokkra gjaldflokka.

Þjónustuaðilinn semur sjálfur við söfnunarstöðvar/sorpsamlög um fyrirkomulag losunar heyrúlluplasts frá söfnunarstöðvum. Hann getur líka samið beint við bændur um losun frá þeim. Sveitarfélög geta líka samið við ákveðna þjónustuaðila um að sækja plast beint til bænda, t.d. að undangengnu útboði.

4.1.6 Vigtun heyrúlluplasts

Heyrúlluplast frá hverri söfnunarstöð skal vigta á löggiltri vog. Þessi vigtun er grundvöllur gjalds sem Úrvinnslusjóður greiðir viðkomandi söfnunarstöð/sorpsamlagi, beint og án milligöngu þjónustuaðila, fyrir meðhöndlun og geymslu. Þyngdina skal gefa upp í skrá fyrir móttekið magn, samanber 4.1.8.

Vigta skal heyrúlluplast sem sótt er til bænda. Heimilt er að vigta saman plast frá heilum sveitarfélögum eða hlutum þeirra. Heyrúlluplasti, sem berst þjónustuaðila beint frá bændum, má safna saman og vigta sem heild, t.d. einn fullan gám.

Vigtun inn til ráðstöfunaraðila á löggilttri vog er grundvöllur greiðslu til þjónustuaðila. Þessi vog getur verið hvort sem er löggilt vog í starfsstöð ráðstöfunaraðilans eða önnur löggilt vog t.d. hafnarvog, sem samningaðilar verða fyrirfram ásáttir um að nota. Í kafla 6.4 er listi yfir löggiltar vogir.

Þjónustuaðili greiðir kostnað vegna vigtunar í öllum tilfellum. Vigtun heyrúlluplasts sem flutt er úr landi skal fara fram á Íslandi.

4.1.7 Búnaður og aðstaða

Þjónustuaðili skal leggja til og útvega allan búnað, aðstöðu og annað sem þarf til að framkvæma verkið samkvæmt verklýsingu þessari og skilmálum.

Þjónustuaðili skal tilgreina hvort, og þá hvar, hann hyggst starfrækja sérstaka starfsstöð. Í starfsstöð skal vera aðstaða til að taka á móti heyrúlluplasti frá bændum og öðrum sem óska eftir að losna við heyrúlluplast þar. Skylt er að taka við öllu heyrúlluplasti sem berst og er nægjanlega hreint.

Ekki er gerður greinarmunur á hvort þjónustuaðili notar eigin flutningatæki og mannskap eða hvort hann nýtir sér undirverktaka. Þjónustuaðili stendur sjálfur skil á greiðslum til undirverktaka. Um vigtun heyrúlluplasts vísast til kafla 4.1.6.

Þjónustuaðili fær ekki neina greiðslu samsvarandi „Söfnunarstöðvagjaldi“ sem Úrvinnslusjóður greiðir söfnunarstöðvum sveitarfélaga.

4.1.8 Gagnaskráning

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir mótttekið magn og magn sem fer til ráðstöfunaraðila. Jafnframt skal gera grein fyrir birgðum. Gagnaskrá skal senda með hverjum reikningi til Úrvinnslusjóðs, en þó ekki sjaldnar en árlega og þá í lok almanaksárs, vegna uppgjörs við sveitarfélög. Gagnaskrá skal vera á tölvutæku formi sem sjóðurinn samþykkir. Sjá kafla 7.4.

4.1.9 Söfnunarstöðvar sveitarfélaga

Sveitarfélögin eða sorpsamlög þeirra starfrækja söfnunarstöðvar, „gámastöðvar“. Á söfnunarstöðvunum er meðal annars tekið á móti heyrúlluplasti og það flokkað sér í opna gáma eða samsvarandi. Heyrúlluplast á söfnunarstöðvunum á að vera án aðskotahluta. Í því mega hvorki vera baggabönd né stórsekkir úr öðru plastefni en polyethylen. Þjónustuaðila er ætlað að sækja heyrúlluplast til allra söfnunarstöðva á því svæði sem hann hefur valið að þjóna. Söfnunarstöðvar þann 1.9.2003 eru í töflu í kafla 6.3.

4.1.10 Þjónustustig

Þjónustuaðili skal sækja heyrúlluplast reglulega til söfnunarstöðva sem eru á því svæði sem hann hefur valið að þjóna. Innifalin er bæði hleðsla og losun flutningatækja og hugsanleg meðhöndlun. Tíðni verður háð magni sem berst og óskum viðkomandi sveitarfélags. Ekki er þó gerð krafa um að sótt sé minna magn í einu en 5 tonn í hvert sinn sem söfnunarstöð óskar. Eigi að síður skal tæma árlega hjá hverri stöð þó minna magn sé þar, nema sveitarstjórn sættist á annað. Afrit af slíku samkomulagi við sveitarstjórn skal senda Úrvinnslusjóði.

4.1.11 Framvinda verks

Þjónustuaðili skal kappkosta að vinna/ráðstafa heyrúlluplasti jafnóðum og það berst. Hann má ekki safna upp í starfsstöð(vum) sinni/sínum meira magni samanlagt en því sem tiltekið er í samningi hans við Úrvinnslusjóð. Ef meira magn safnast skal þjónustuaðili gera grein fyrir því. Án ásættanlegra skriflegra útskýringa þjónustuaðila, áskilur Úrvinnslusjóður sér rétt til að stöðva greiðslur til hans. Eldvarnir og smitsjúkdómavarnir eru m.a. ástæður skilyrða um hámarksmagn.

4.2 Ráðstöfunarleiðir

Í fyrstu grein laga nr. 162/2002 segir: „Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.“

Með endurnýtingu heyrúlluplasts er átt við hvers konar vinnslu þar sem til verður seljanleg vara, hráefni eða aðföng til framleiðslu. Sama gildir um nýtingu plasticsins til hagnýtrar orkuframleiðslu. Aðferðir við endurnýtingu verða að vera viðurkenndar og starfsleyfi að liggja fyrir.

Þjónustuaðili skal koma heyrúlluplasti í hvern þann farveg sem talist getur endurnýting/förgun. Honum er frjálst að velja þá aðferð sem hann telur hagkvæmasta, en hann skal þó sýna fram á að öll meðhöndlun hans uppfylli skilyrði heilbrigðis- og skipulagsyfirvalda. Ráðstöfunaraðili t.d. endurvinnslufyrirtæki, sorpbrennslustöð eða urðunarstaður, þarf að hafa tilskilin leyfi fyrir starfsemi sinni.

Takist þjónustuaðila að finna ráðstöfunarleið sem gefur honum tekjur skerðir það ekki greiðslur samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs fyrir þjónustuaðila.

4.2.1 Endurvinnsla - flokkur I

Með endurvinnslu heyrúlluplasts er átt við hvers konar endurvinnslu þar sem til verður seljanleg vara, t.d. hráefni fyrir plastframleiðslu eða önnur nýtanleg vara. Vinnsluaðferð verður að vera viðurkennd af viðkomandi yfirvöldum. Vinnsluaðferðin þarf að tryggja að sem minnstur plasticsúrgangur falli til. Þjónustuaðili semur um greiðslur til vinnslunnar fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir heyrúlluplast sem fer til vinnslunnar skal fylgja vigtarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn heyrúlluplasts, ásamt staðfestingu frá ráðstöfunaraðilanum. Vogin getur verið hvort sem er vog hjá viðkomandi vinnslustað eða næsta löggilta vog t.d. hafnarvog.

4.2.2 Orkunýting – flokkur I

Þjónustuaðila er heimilt að afhenda heyrúlluplast til brennslu í viðurkenndri brennslustöð enda sé um orkuvinnslu að ræða. Þjónustuaðili semur við brennslustöðvar um greiðslur fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir heyrúlluplast sem brennt er skal koma vigtarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn heyrúlluplasts, ásamt staðfestingu frá brennslustaðnum. Vogin getur verið hvort sem er vog hjá viðkomandi brennslustað eða næsta löggilta vog t.d. hafnarvog.

4.2.3 Útflutningur - flokkur I

Heimilt er að flytja heyrúlluplast úr landi í hvaða formi sem er. Skilyrði er að endanlegur móttakandi erlendis sé skráður sem ráðstöfunaraðili hjá Úrvinnslusjóði – sjá kafla 5. Með reikningum fyrir heyrúlluplast sem flutt er út skal koma móttökustaðfesting frá móttakanda vörunnar erlendis (ráðstöfunaraðila). Þjónustuaðili semur við erlendan móttakanda um greiðslur fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Vigtun skal fara fram á löggiltri íslenskri vog.

4.2.4 Urðun – flokkur II

Í undantekningartilfellum er gert ráð fyrir að heyrúlluplast verði urðað og þá eingöngu á viðurkenndum urðunarstöðum. Þetta getur átt við plast frá bændum sem búsettir eru langt frá endurnýtingar- eða vinnslustöðvum eða þar sem samgönguferfiðleikar hamlu flutningi. Kjósi þjónustuaðili að láta urða heyrúlluplast skal hann sjálfur semja við viðurkennda urðunarstaði, einn eða fleiri, um móttöku. Þar undir fellur að semja um í hvaða formi og magni heyrúlluplast er þegar urðunarstaðurinn tekur á móti því. Þjónustuaðili semur einnig um greiðslur til urðunarstaðarins fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir heyrúlluplast sem urðað er skal koma viktarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn heyrúlluplasts til urðunarstaðar, ásamt staðfestingu frá urðunarstaðnum. Vogin getur verið hvort sem er vog viðkomandi urðunarstaðar eða næsta löggilta vog t.d. hafnarvog. Sjá einnig kafla 1.3.

4.2.5 Nýir ráðstöfunaraðilar – ráðstöfunarflokkar

Gert er ráð fyrir að nýir aðilar með nýjar hugmyndir um endurvinnslu eða endurnýtingu geti bæst í hóp skráðra, viðurkenndra ráðstöfunaraðila hvenær sem er. Þeir senda Úrvinnslusjóði umsókn um þátttöku í verkefninu og gera grein fyrir hugmyndum sínum. Nýjar leiðir munu hugsanlega ekki passa í flokka sem fyrir eru. Þá verður bætt við flokki og einingaverði í gjaldskrá.

5. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is er skrá yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Í kafla 6.5 er skráin eins og hún var þann 1.11.2004. Nýir aðilar sem óska eftir viðurkenningu sem ráðstöfunaraðilar skulu kynna sér gögn og skilmála sem sjóðurinn setur.

5.1.1 Umsókn ráðstöfunaraðila

Þeir sem óska eftir að bæstast á skrá Úrvinnslusjóðs yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila fyrir heyrúlluplast skulu skila umsókn til sjóðsins. Eyðublað er að finna í kafla 7.3.

Farið verður með framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ráðstöfunaraðilar (íslenskir) skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði á Íslandi.

5.1.2 Ráðstöfun - starfsleyfi

Upplýsingar um hvernig heyrúlluplasti verður ráðstafað skulu fylgja umsókn. Ráðstöfunaraðili skal hafa gilt starfsleyfi fyrir starfsemi sína. Ef hann er ekki íslenskur skal hann hafa leyfi stjórnvalda í móttökulandi til innflutnings og vinnslu.

5.1.3 Tungumál

Upplýsingar um ráðstöfunaraðila og tækjabúnað hans mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

5.1.4 Greiðslur

Engar greiðslur fara milli Úrvinnslusjóðs og ráðstöfunaraðila.

5.1.5 Vanefndir og uppsögn

Ráðstöfunaraðili skal í einu og öllu rækja skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Vanefni hann þær er Úrvinnslusjóði heimilt að fella nafn hans af lista yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Þar með brestur grundvöllur fyrir greiðslum til þjónustuaðila vegna heyrúlluplasts, sem ráðstafað er til viðkomandi ráðstöfunaraðila.

Safn heyrúlluplasts hjá ráðstöfunaraðila er aldrei á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

Dæmi um hugsanlegar vanefndir:

- Staðfestingum um móttekið magn er ábótavant.
- Ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað starfsleyfi sitt.
- Ráðstöfun er á annar veg en umsókn greinir (samanber 5.1.2)

5.1.6 Umsjón og eftirlit

Fulltrúar Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum ráðstöfunaraðila. Úrvinnslusjóði er heimilt á samningstíma að athuga uppgjör, vigtun og annað er að verki lýtur.

6. VIÐAUKAR

6.1 Úr lögum um úrvinnslugjald

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun*: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting*: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð*: staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs*: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð)*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla* úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

II. KAFLI

Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

3. gr.

Almennt um gjaldtöku.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

6.2 Forsendur – magn innflutts heyrúlluplasts

Frá 1. janúar 2004 hefur heyrúlluplast verið flutt til landsins á sérstöku tollskrárnúmeri. Framvegis verða því til áreiðanlegar tölur um innflutning. Forðagæsluskýrslur og upplýsingar frá innflytjendum gefa mynd af innflutningi síðustu ára. Talið er að 1993 hafi innflutningurinn verið um 900 tonn en milli 1.600 og 1.800 tonn árið 2002.

6.3 Söfnunarstöðvar og urðunarstaðir

Í töflunum að neðan eru nöfn söfnunarstöðva flokkuð eftir svæðum. Ekki er víst að tekið verði á mótí plasti á öllum þessum stöðum – það er háð ákvörðun viðkomandi sveitastjórna.

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga			
Sorpsamlag	Söfnunarstaður - söfnunarstöð	Athugasemdir	
Svæði I	Sorpa		
		Reykjavík - Ánanaust	
		Reykjavík - Bæjarflöt	
		Reykjavík - Jafnasel	
		Reykjavík - Sævarhöfði	
		Kópavogur	
		Garðabær	
		Mosfellsbær	
		Kjalarnes	
		Sorpeyðing Suðurnesja	
		Vogar	
		Reykjanesbær	
		(Keflavíkurlugvöllur)	Tekur ekki við heyrúlluplasti
		Grindavík	
		Sorpsamlag Vesturlands	
		Akranes	
		Reykholt	
		Borgarnes	
		Ólafsvík / Hellissandur	
		Grundarfjörður	
		Stykkishólmur	
		Fíflholt	
		Búðardalur	
		Reykhólar	
		Hula bs.	
		Vík í Mýrdal	
		Klaustur	
		Sorpstöð Rangárvallasýslu	
		Hvolsvöllur	
		Hella	
		Sorpstöð Suðurlands	
		Þorlákshöfn	
		Hveragerði	
		Reykholt	
		Flúðir	
		Laugarvatn	
		Grímsnes	
		Árnes	
		Selfoss	
		Eyrarbakki	
		Stokkseyri	
		Bæjarveitur Vestmannaeyja	
	Vestmannaeyjar		

Svæði II	Vesturbyggð og Tálknafjarðarhr.	
		Patreksfjörður
	Funi sorpbrensla	
		Ísafjörður
		Bolungarvík
		Flateyri
		Þingeyri
		Suðureyri
		Súðavík
	Sorpsamlag Strandasýslu	
	Hólmavík	

Svæði III	Húnaþing vestra	
		Hvammstangi
		Staðaskáli
	Austur Húnavatnssýsla	
		Blönduós
		Skagaströnd
	Sveitarfélagið Skagafjörður	
		Sauðárkrókur
		Hofsós
		Varmahlíð
	Siglufjarðarkaupstaður	
		Siglufjörður
	Sorpeyðing Eyjafjarðar	
		Ólafsfjörður
		Dalvík
		Hrísey
		Akureyri
		Eyjafjarðarsveit
		Grenivík
Sorpsamlag Þingeyinga		
	Húsavík	

Svæði IV	Raufarhöfn, Kópasker og Þórshöfn	
		Raufarhöfn
		Kópasker
		Þórshöfn
	Bakkafjörður Vopnafjörður	
		Vopnafjörður
	Sorpeyðing Miðhéraðs	
		Egilsstaðir
		Seyðisfjörður
		Borgarfjörður Eystri
	Sorpsamlag Mið-Austurlands	
		Neskaupsstaður
		Eskifjörður
		Reyðarfjörður
		Fáskrúðsfjörður
		Stöðvarfjörður
	Hornafjörður	
		Höfn
		Djúpivogur
	Svínafell	

6.4 Löggiltar bílavogir á Íslandi

Listi yfir allar bílavogir sem hafa verið löggiltar - Upplýsingar frá Löggildingarstofu 28.2.2003				
	Eigandi	Staðsetning vogar	Aðsetur eiganda	Póstnr.
1	Reykjavíkurbíla	Grandagarði		101 Reykjavík
2	Hringrás		Klettagörðum	104 Reykjavík
3	Gámaþjónustan		Súðavogi 2	104 Reykjavík
4	Samskip hf	Holttagörðum v. Holtaveg		105 Reykjavík
5	Mjólkurfélag Reykjavíkur		Korngörðum 6	105 Reykjavík
6	Eimskipafélag Íslands		Sundahöfn	105 Reykjavík
7	Fóðurblandan hf		Korngörðum 12	105 Reykjavík
8	Björgun hf		Sævarhöfða 33	110 Reykjavík
9	Sementsverksmiðjan		Sævarhöfða	112 Reykjavík
10	Áburðarverksmiðjan		Gufunesi	112 Reykjavík
11	Malbikunarstöðin Höfði	Sævarhöfða 6-10		112 Reykjavík
12	Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins		Gufunesi	113 Reykjavík
13	Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins		Álfsnesi	116 Reykjavík
14	Fura ehf		Markhelli 14	220 Hafnarfirði
15	Hafnarfjarðarhöfn		Cuxhafengötu	220 Hafnarfirði
16	Gámaþjónustan		Borgarhelli 31	220 Hafnarfirði
17	Hafnarsamlag Suðurnesja		Víkurbraut 11	230 Keflavík
18	Grindavíkurbíla		Víkurbraut 62	240 Grindavík
19	Sandgerðishöfn		Tjarnargötu 4	245 Sandgerði
20	Gámaþjónusta Akraness		Kalmansvöllum	300 Akranesi
21	Sementsverksmiðjan hf		Mánabraut 20	300 Akranesi
22	Akraneshöfn			300 Akranesi
23	Norðurál		Grundartanga	301 Akranesi
24	Íslenska járnblendifélagið		Grundartanga	301 Akranesi
25	Sorpurðun Vesturlands		Fíflholtum	311 Borgarnesi
26	Stykkishólmsbær		Hafnargötu 6	340 Stykkishólmi
27	Grundarfjarðarhöfn		Grundarfirði	350 Grundarfirði
28	Hafnarsjóður Snæfellsbæjar			355 Ólafsvík
29	Þörungaverksmiðjan hf		Reykhólum	380 Króksfjarðarnesi
30	Ísafjarðarhöfn			400 Ísafirði
31	Bolungarvíkurhöfn		Aðalstræti 12	415 Bolungarvík
32	Ísafjarðarhöfn			425 Flateyri
33	Ísafjarðarhöfn			430 Suðureyri
34	Hafnarsjóður Vesturbyggðar			450 Patreksfirði
35	Ísafjarðarhöfn			470 Þingeyri
36	Hólmavíkurbíla	Hafnarbraut 25		510 Hólmavík
37	Húnaþing vestra		Hvammstangahöfn	530 Hvammstanga
38	Blönduósbær		Hnjúkabyggð 34	540 Blönduósi
39	Skagastrandarhöfn		Túnbraut 1-3	545 Skagaströnd
40	Sveitarfélagið Skagafjörður			550 Sauðárkróki

41	Sveitarfélagið Skagafjörður			564 Hofsósi
42	Siglufjarðarhöfn		Hafnarbryggju	580 Siglufirði
43	Sorpeyðing Eyjafjarðar	Sorpurðunarsvæði		600 Akureyri
44	Hafnarsamlag Norðurlands	Akureyri	Fiskitanga	600 Akureyri
45	Bústólpi		Strandgötu 63	600 Akureyri
46	Hafnarsamlag Eyjafjarðar	Dalvík		620 Dalvík
47	Hafnarsamlag Eyjafjarðar	Ólafsfirði		625 Ólafsfirði
48	Húsavíkurhöfn		Ketilsbraut 9	640 Húsavík
49	Vopnafjarðarhreppur			690 Vopnafirði
50	Seyðisfjarðarkaupstaður		Hafnargötu 44	710 Seyðisfirði
51	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Reyðarfirði	Búðareyri 7	730 Reyðarfirði
52	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Eskifirði	Strandgötu 49	735 Eskifirði
53	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Neskaupstað		740 Neskaupstað
54	Fáskrúðsfjarðarhöfn			750 Fáskrúðsfirði
55	Djúpavogshreppur		Búlandi 3	765 Djúpavogi
56	Hornafjarðarbær		Hafnarbraut 27	780 Höfn
57	Kjötmjöl ehf		Austurvegi 56	800 Selfossi
58	Sorpstöð Suðurlands		Kirkjuferjuháleigu	801 Selfossi
59	Þorlákshafnarhöfn		Selvogsbraut 2	815 Þorlákshöfn
60	Sorpstöð Rangárvallasýslu			861 Hvolsvelli
61	Ísfélag Vestmannaeyja		Strandvegi 28	900 Vestmannaeyjum
62	Vestmannaeyjahöfn		Friðarhöfn	900 Vestmannaeyjum

Vogirnar eru mismunandi hvað varðar hámarks lengd ökutækja og hámarksþyngd. Þjónustuaðili kynnir sér sjálfur viðkomandi vogir og vogargjöld.

Vogargjöld eru aldrei greidd af Úrvinnslusjóði heldur af þjónustuaðila, ráðstöfunaraðila eða bónda, háð samningum þeirra á milli, án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

6.5 Skráðir ráðstöfunaraðilar heyrúlluplasts hjá Úrvinnslusjóði

Í skránni að neðan eru þeir ráðstöfunaraðilar sem eru á skrá Úrvinnslusjóðs þann 1. nóv. 2004. Ráðstöfunarflokkur segir til um hvaða greiðslur þjónustuaðili fær. Uppfærða skrá er að finna á vef Úrvinnslusjóðs: www.urvinnslusjodur.is.

Skráðar sorpbrennslustöðvar hjá Úrvinnslusjóði		
Ráðstöfunaraðila	Staðsetning	Ráðstöfunar-flokkur
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	I
Funi	Ísafjörður	I
Skaftárhreppur	Brennsla Kirkjubæjarklaustri	I
Sorpbrennsla Suðurnesja	Reykjanesbær	I
Sveitarfélagið Hornafjörður	Sorporkustöðin Brennu-Flosi	I

Skráðir viðurkenndir urðunarstaðir hjá Úrvinnslusjóði		
Leyfilegt er að urða það plast sem annað hvort er óhæft til vinnslu eða vegna fjarlægðar eða samgönguferfiðleika er óhagkvæmt að endurnýta.		
Ráðstöfunaraðila	Staðsetning	Ráðstöfunar-flokkur
Akureyri	Glerárdalur	II
Blönduós	Draugagil	II
Hula	A-Eyjafjallahreppur	II
Hvammstangi	Syðri-Kárastaðir	II
Mýrdalshreppur	Uxafótarlækur	II
Sauðárkrókur	Reykjaströnd	II
Skagaströnd	Neðri-Hnarrastaðir	II
Sorpa	Álfsnes	II
Sorpeyðing Miðhéraðs	Tjarnarland	II
Sorpsamlag Mið-Austurlands	Þernunes	II
Sorpsamlag Vesturlands	Fíflholt	II
Sorpstöð Rangárvallasýslu	Strönd	II
Sorpstöð Suðurlands	Kirkjuferjuhjálega	II
Sveitarfélagið Hornafjörður	Lón	II
Tálknafjörður	Tálknafjörður	II
Vesturbyggð	Patreksfjörður	II
Vopnafjörður	Búðaröxl	II
Þórshafnarhreppur	Þórshöfn	II
Óxarfjarðarhreppur	Kópasker	II

7. EYÐUBLÖÐ

7.1 UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

Förgun heyrúlluplasts á Íslandi

UMSÓKN

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

NAFN UMSÆKJANDA

KENNITALA

HEIMILISFANG

SVEITARFÉLAG

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Fjöldi starfsmanna, menntun/reynsla.
- Upplýsingar um gæðastefnu og/eða gæðavottun, séu þær fyrir hendi.
- Upplýsingar um umhverfisstefnu fyrirtækisins.
- Yfirlit yfir helstu verkefni, unnin á sl. 2 árum.
- Yfirlýsing frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.
- Starfsleyfi.

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig umsækjandi hyggst vinna verkið.
- Hvaða tækjabúnað á að nota.
- Almennar upplýsingar um undirverktaka (ef einhverjir).

Umsóknin ásamt fylgiskjöllum verða hluti af samningi þjónustuaðila við Úrvinnslusjóð.

Meðhöndlun umsóknar hjá Úrvinnslusjóði er umsækjanda að kostnaðarlausu.

Undirskrift

SAMNINGSFÖRM FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

Verkkaupi	Úrvinnslusjóður	Þjónustuaðili	
Kennitala	530803-3680	Kennitala	
Heimilisfang	Suðurlandsbraut 24 108-Reykjavík	Heimilisfang	
Sími	517 4700	Sími	
Myndsendir	517 4709	Myndsendir	
Netfang	urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is	Netfang	

Þjónustuaðili skuldbindur sig til að þjóna svæðum númer (krossa við) – sjá kafla 6.3:

I	II	III	IV
---	----	-----	----

Þjónustuaðilanum er óheimilt að sækja heyrúlluplast sem er á öðrum svæðum. Mesta magn heyrúlluplasts sem vera má í starfsstöð(vum) þjónustuaðila, er _____ tonn alls. Eldvarnir og smitsjúkdómavarnir eru m.a. ástæður skilyrða um hámarks magn.

Framkvæmd skal vera í samræmi við skilmála nr. ÚRVS-01-01 og í samræmi við hugsanleg skilyrði sóttvarnaryfirvalda um flutning milli svæða.

Fyrir verkið greiðir Úrvinnslusjóður samkvæmt gildandi gjaldskrá sjóðsins á hverjum tíma.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila. Samningurinn gildir í 12 mánuði frá undirritun.

Staður og dagsetning _____

F.h. Úrvinnslusjóðs

F.h. þjónustuaðila

Vottar

kt. _____

kt. _____

Að samningi gerðum verður nafni þjónustuaðila ásamt upplýsingum um þjónustusvæði bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni www.urvinnslusjodur.is.

7.2 UMSÓKN BÓNDA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

Skil heyrúlluplasts beint til ráðstöfunaraðila

UMSÓKN

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

NAFN UMSÆKJANDA

KENNITALA

LÖGBÝLI

KENNITALA

HEIMILISFANG

SVEITARFÉLAG

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Nafn bónda og lögbýlis.
- Nafn annarra bænda og lögbýla sem skilað verður frá (ef við á).

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig umsækjandi hyggst vinna verkið.
- Hvaða tækjabúnað á að nota.
- Almennar upplýsingar um undirverktaka (ef einhverjir).

Umsóknin ásamt fylgiskjölum verða hluti af samningi bónda við Úrvinnslusjóð.

Meðhöndlun umsóknar hjá Úrvinnslusjóði er umsækjanda að kostnaðarlausu.

Undirskrift

SAMNINGSFORM fyrir samning milli bónda og Úrvinnslusjóðs

Verkkaupi	Úrvinnslusjóður	Bóndi/lögbýli	
Kennitala	530803-3680	Kennitala	
Heimilisfang	Suðurlandsbraut 24 108-Reykjavík	Bær	
Sími	517 4700	Sími	
Myndsendir	517 4709	Myndsendir	
Netfang	urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is	Netfang	

Ofanefndur bóndi skuldbindur sig til að safna plasti og halda til haga, frá sér og öðrum sem nefndir eru í umsókn, og koma því til endurnýtingar. Hann skilar plasti til þess/þeirra ráðstöfunaraðila sem nefndur/nefndir eru í umsókn hans.

Ef plast er sótt til fleiri aðila en þeirra sem tilgreindir eru í umsókn skal tilkynna það til Úrvinnslusjóðs.

Framkvæmd skal vera í samræmi við skilmála nr. ÚRVS-01-01 og í samræmi við hugsanleg skilyrði sóttvarnaryfirvalda um flutning milli svæða.

Fyrir verkið greiðir Úrvinnslusjóður samkvæmt gildandi gjaldskrá sjóðsins á hverjum tíma.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila. Samningurinn gildir í 12 mánuði frá undirritun.

Staður og dagsetning _____

F.h. Úrvinnslusjóðs

F.h. þjónustuaðila

Vottar

kt. _____

kt. _____

Að samningi gerðum verður nafni bónda/býlis ásamt nöfnum annara býla, sem falla undir samning þennan, bætt á lista á vefsíðu Úrvinnslusjóðs: www.urvinnslusjodur.is.

7.3 UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

Förgun heyrúlluplasts á Íslandi

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

Ráðstöfunaraðili	
Kennitala	
Heimilisfang	
Borg / bær	
Land	
Forsvarsmaður eða umboðsaðili á Íslandi	
Sími	
Myndsendir	
Netfang	

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Starfsleyfi.

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig ráðstöfunaraðilinn hyggst endurnýta/endurnota/farga heyrúlluplasti.

Meðhöndlun umsóknar hjá Úrvinnslusjóði er umsækjanda að kostnaðarlausu.

F.h. ráðstöfunaraðila

Ef gögn teljast fullnægja kröfum Úrvinnslusjóðs mun upplýsingum um ráðstöfunaraðilann verða bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni www.urvinnslusjodur.is en annars verður óskað ítarlegri gagna.

7.4 Eyðublað: Magn heyrúlluplasts frá söfnunarstöðvum og fyrirtækjum

Að neðan er sýnt með dæmi á hvað formi þjónustuaðili skal skila upplýsingum um magn sem sótt er á söfnunarstöðvar og til einstakra fyrirtækja. Formið má nálgast sem excel skjal á vef úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is

1-sep-2004

Skilagrein til Úrvinnslusjóðs vegna heyrúlluplasts

Þjónustuaðili :
 Tímabil : mánuði/um

Lagerstaða í upphafi mánaðar tonn

Sóttir hafa verið hjólbarðar til neðangreindra aðila:

Dags	Póst-númer	Söfnunarstöð eða fyrirtæki	Magn	
				tonn
feb.04	1205	Bleikakrahreppur	15	tonn
mar.04	1507	Moldhaugahreppur	12	tonn
mar.04	2503	Söfnunarstöðin bs	8	tonn
				tonn
				tonn
Samtals			35	tonn

Skilað hefur verið beint til þjónustaðla:

Dags	Póst-númer	Fyrirtæki	Magn	
12.6.04	2320	Hestamannafélagið bikkjurnar	1	tonn
23.5.04	X	Samtals frá einstaklingum	3	tonn
				tonn
				tonn
Samtals			4	tonn

Samtals mótttekið magn á tímabilinu **39** tonn

Ráðstafað hefur verið á tímabilinu:

Dags	Póst-númer	Ráðstöfunaraðili	Magn	
5.5.2004	2534	Grafið og gleymt - urðunarstaður ehf	2	tonn
29.6.04	X	Returplastikk OY í útlandi	35	tonn
7.5.2004	4654	Ruslabrennslan hf Útnesjum	15	tonn
Samtals			52	tonn

Lagerstaða í lok tímabils **4** tonn

Hér er dæmi um útfyllt eyðublað – fleiri línur eru í raunskjalinu.